

Borgarbyggð  
Þóra Margrét Júlíusdóttir  
Borgarbraut 14  
300 Borgarnes

Reykjavík, 20. október 2022  
UST202210-153/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 - Niðurskógur**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 19. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 fyrir Niðurskóg á Húsafelli.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að landnotkun 2520 m<sup>2</sup> svæðis í landi Húsafells er breytt úr landbúnaði og opnu svæði til sérstakrar nota O34 í frístundabyggð og stækkar frístundabyggð F127 sem því nemur. Auk þess kemur fram að ástæða fyrir stækkun á frístundabyggðinni er að staðsetja betur byggingareit að Hraunbrekkum 34 að teknu tilliti til landslags og gróðurs.

Umhverfisstofnun telur æskilegt að leitað sé umsagnar Skógræktarinnar á tillögunni.

#### **Hraun**

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að skipulagssvæðið er á hrauni sem nefnist Geitlandshraun og fellur hraunið undir sérstaka vernd, 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um hraunið í tillögunni og í tillögunni sé farið eftir þeim skilyrðum sem koma fram í 61. gr. ofangreindar laga.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson  
*sérfræðingur*

Björn Stefánsson  
*sérfræðingur*